

Fundargerð minjaráðs Norðurlands eystra þann 20. júní 2024 kl. 14:00 á Borgum, Akureyri

Viðstaddir: Soffía Gísladóttir, Guðmundur Ögmundsson, Björk Hólm Þorsteinsdóttir, Baldur Daníelsson og Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra.

1. Helstu fréttir af minjasvæðinu

- Nýir fulltrúar í minjaráðinu tilnefndir af safnaráði.
- Kynnt helstu verkefni á svæðinu, hvaða rannsóknir verða í sumar og fleira tengt því.
- Drónakaup stofnunarinnar kynnt sem og hvaða tækifæri felast í notkun hans. Dróninn verður staðsettur á NA landi.
- Friðlýsing Hofstaða að klárast án athugasemda, mikil aðsókn í gistingu þar sem hefur verið leigð fræðimönnum sem stunda rannsóknir á svæðinu. Einnig var rætt um vettvangsskólann sem verður á Hofstöðum í sumar.

2. Rætt um stóra minjaráðsfundinn sem haldinn var 8. maí. Upplifun fólks af fundinum var alla jafna góð og lýsti fólk yfir ánægju með að þetta yrði árviss fundur.

3. Umræða um möguleg verkefni minjaráða, önnur en að vera tengiliðir minjavarðar inn í samfélagið. Sem dæmi um verkefni sem minjaráðin gætu tekið að sér má nefna:

- Safna upplýsingum um átthagafélög á svæðinu
- Skoða möguleg svæði fyrir verndarsvæði í byggð
- Benda Minjastofnun á hús sem hafa verndargildi sökum sérstakrar stöðu þeirra á svæðinu

4. Önnur mál voru engin

Fundi slitið um 15.00 og farið í vettvangsferð að skoða Gásakaupstað.